

153. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn á Teams fimmtudaginn 28. janúar 2021 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir, Halldór Waren og Stefán Bogi Sveinsson. Sigrún Birna Björnsdóttir boðaði forföll. Mættir voru áheyrnarfulltrúarnir: Bergrún Þorsteinsdóttir f.h. foreldra, Hafrún Alexía Ægisdóttir f.h. nemenda og Þórunn Víðisdóttir f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 152. fundar
2. Gangurinn í starfinu
3. Fjármál og horfur
4. Starfsmannamál
5. Önnur mál

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 152. fundar

Fundargerð síðasta fundar var staðfest í tölvupósti en bíður undirritunar.

2. Gangurinn í starfinu

Skólameistari lýsti skólastarfinu. Vorönn hefur farið vel af stað. Nemendur og starfsmenn mættu tilbúnir í hefðbundið skólastarf. Grímuskylda er í skólanum og allir hafa tekið breyttum aðstæðum vel. Tæplega 170 nemendur eru í dagskólanum og rúmlega 400 skráðir í fjarnám á vorönn. Þeim á eftir að fjölga þar sem opið er fyrir skráningu á fjarnám á seinni spönn til 9. mars. Innan við 45 nemendur eru á heimavist. Fækkun dagskólanemenda hefur áhrif á ýmislegt. Skólameistari sagði frá nýrri útgáfu af viðbragðsáætlun sem hefur verið send fundarmönnum. Hann kynnti einnig árlega launakönnun sem gerð var í tengslum við jafnlaunavottunina. Hún kom ágætlega út og launamunur vel innan skekkjumarka. Vinnan við jafnlaunavottunina er töluverð og bætist við án fjármagns líkt og persónuverndarstörf og rafræn skjalavarsla gerðu.

Skóladagatal næsta skólaárs var lagt fram til kynningar.

Mennta- og menningarmálaráðherra heimsótti skólann fyrr í mánuðinum á leiðinni á Seyðisfjörð. Skólameistari sýndi henni skólann og sagði frá starfinu, áherslum og helstu áskorunum. Stefnt er á að hefja nám á félagslíðabraut næsta haust. Auk þess sem undirbúningsnám fyrir iðnnema er í athugun. Markmiðið með því er að nemendur geti tekið grunn sem nýtist þeim í iðnnámi. Ákveðið að ræða þetta og frekari sóknarfæri nánar á næsta fundi skólanefndar. Fjarnámið hefur gengið vel, fjarnemar eru ánægðir, kennarar þaulvanir og skólinn vel tækjum búinn. Vinna við endurskoðun stofnanasamnings og samnings um kennslu fjarnema er hafin.

3. Fjármál og horfur

Skólameistari fór yfir fjárhagsstöðuna en skólinn var rekinn með 10 milljóna halla á síðasta ári. Skólinn hefur því gengið á firningar síðustu tvö rekstrarár. Árstekjurnar eru orðnar of lágar miðað við gjöld.

Skólameistari tilgreindi að ákvörðun ráðuneytisins um að greiða 70% fyrir stóran hluta fjarnemaeyninga hafi veruleg áhrif á innkomu skólans. Töluverður munur er á fjölda þeirra ársnemenda sem skólinn skilar og þeirra sem hann fær greitt fyrir af þessum sökum. Skólanefnd sammála um að skoða rýna þurfi fjármálin á næstu mánuðum og ganga eftir sanngjörnum fjárveitingum frá ríkinu. Sérstaklega þarf að skoða hvort að hækkun á leigugjaldi til Ríkiseigna frá árinu 2018 hafi ekki verið mætt að fullu í framlögum á fjárlögum. Ítreka þarf nauðsyn þess að fá fjarnemaeyningar að fullu greiddar og rýna í tækifæri til að fjölga nemendum.

4. Starfsmannamál


Skólameistari greindi frá starfsmannamálum. Bozena Kubiela lét af störfum vegna aldurs nú í janúar, ráðið hefur verið í hennar starf. Að öðru leyti eru litlar breytingar á vorönninni en auglýsa þarf stöður í vor þar sem a.m.k. tveir kennarar láta af störfum vegna aldurs.

5. Önnur mál


- a) Rafhleðslustöðvar fyrir fjóra bíla hafa verið standsettar við skólann og voru þær fjármagnaðar að mestu með styrk frá Orkusjóði og af Ríkiseignum. Hjólaskýli er einnig komið upp en lokafrágangur eftir.
- b) Hafrún Alexía sagði frá starfi nemendafélagsins. Allt er í viðjum Covid en reynt er að gera það sem hægt er. Miðvikudagsviðburðir eru vikulegir. Skemmtinefnd er að störfum og að undirbúa tækur á leiknu skemmtiefni. Það kemur í stað uppsetningar á leikriti. Vonir standa til að hægt verði að halda árshátíð en ef ekki verður af henni mun nefndin setja skemmtiatriði út á netið fyrir nemendur. Ritnefnd er farin af stað og Morfís liðið keppir í kvöld. Gettu betur liðið hefur lokið keppni. Gleðidagur verður haldinn á morgun.
- c) Stefán Bogi spurði hvort að fylgst væri með líðan nemenda frá Seyðisfirði eftir áföllin þar í desember. Skólameistari sagði svo vera og að samtal ætti að vera á milli nemendabjónustu og félagsbjónustu sveitarfélagsins um það.
- d) Skúli Björn lagði til að fundargögn skólanefndar yrðu færð úr Dropboxi og yfir í Teams umhverfið sem skólinn er farinn að vinna í núna. Samþykkt að hann og skólameistari vinni að því.
- e) Næsti fundur skólanefndar ákveðinn fimmtudaginn 25. mars kl. 17.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 18.


Skúli Björn Gunnarsson



Anna Björk Guðjónsdóttir



Halldór Wærén



Stefán Bogi Sveinsson

